

Alþingi
Erindi nr. P 125/1779
komudagur 27. 4. 2000



Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/ Templarasund,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2000
ÁBS/KSG/031/00

Efni : Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971 - 545. mál, kröfufyrning barnsmeðlaga

Vísað er til bréfs, dags. 13. apríl 2000, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.


Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að kröfur til endurgreiðslu meðlaga og sérstakra framlaga með börnum á grundvelli 15. gr. barnalaga, sem greidd hafa verið fyrir milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins, fyrnist á 10 árum.

Eðlilegt hlýtur að teljast að kröfur þessar fyrnist ekki fyrir en að 10 árum liðnum. Fjögurra ára fyrningarfrestur getur verið skammur tími þegar litið er til hinna mismunandi aðstæðna skuldara. Nægir þar að nefna þau tilvik sem tilgreind eru í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Ef frumvarpið verður að lögum mun það ekki hafa nein bein áhrif á útgjöld eða starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar mun það líklega koma í veg fyrir fyrningu einhvers fjölda meðlagskrafna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Með hliðsjón af hinum miklu tengslum og samvinnu Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga við greiðslu og innheimtu barnsmeðlaga mælir Tryggingastofnunin eindregið með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri